



1. Tilgangur

Þessi verklagsregla lýsir ferlinu þegar skipt er um kennsluefni eða ný útgáfa eldra kennsluefnis er tekið upp í áfanga. Einnig gildir þessi verklagsregla fyrir nýja áfanga. Vinnuferlið tryggir (1) að skipulegar aðferðir séu notaðar við endurnýjun kennsluefnis, (2) að á bókalista sé ávallt það efni sem notað er við kennsluna á hverjum tíma, og (3) að kennsluefnið, ef við á, standist gildandi kröfur MMR og IMO.

2. Gildissvið

Vinnuferlið gildir fyrir alla endurnýjun á kennsluefni fyrir öll kennslusvið skólans nema aðkeypta kennslu og áfanga á starfsbraut 3.

3. Hugtök

Listi yfir hugtök sem notuð eru í verklagsreglunni er að finna í Gæðahandbók á blaðinu [INN-004 Hugtök og skilgreiningar](#).

4. Ábyrgð

Skólameistari ber ábyrgð á að unnið sé samkvæmt ferli um endurnýjun á kennsluefni, og ásamt áfangastjórum, fag-/brautarstjórum og kennurum ber honum að vera vakandi fyrir breytingum í íslensku og alþjóðlegu starfs- og gæðaumhverfi skólans.

Fag-/brautarstjóri er ábyrgur fyrir að fylgjast með útgáfu nýs kennsluefnis, og að kennsluefni uppfylli þær kröfur sem gerðar eru í áföngum skv. námskrá. Hann er ábyrgur fyrir því að stofna nýtt kennsluefni í Innu, skrá námsefni á bókalista í Innu og tengja við áfanga undir sinni stjórn. Auk þess að koma ábendingum á framfæri við kennara, til bókasafns og til annarra starfsmanna skólans er málið varðar. Brautarstjóri vélstjórnar ábyrgur fyrir að fylgjast með þróun á starfsemi IMO, útgáfu nýrra reglugerða, laga eða alþjóða samþykktu sem áhrif hafa á framsetningu kennsluefnis sem notað er í vélstjórnarnámi. Fag-/brautarstjóri ásamt kennara er ábyrgur fyrir því að bókalisti í Innu sé réttur.

Kennarar eru einnig ábyrgir fyrir að fylgjast með þróun kennsluefnis á sínu starfsviði, ræða hana við fag-/brautarstjóra og koma ábendingum til bókasafns. Kennari ásamt fag-/brautarstjóra er ábyrgur fyrir því að bókalisti í Innu sé réttur.

Bókasafn er ábyrgt fyrir að tryggja aðgang að nýjasta mögulega kennsluefni fyrir notendur skólans, innan þess fjárhagslega ramma sem því er veitt.

5. Framkvæmd

Vinnuferlið er eftirfarandi:

- Kennari leggur fyrir fagfund breytingar á kennsluefni og þar er ákvörðun tekin
- Ákvörðun fag-/brautarfundar er skráð í fundargerð fundarins, GÁT-040 Fundargerð
- Fag-/brautarstjóri sér um að stofna nýtt kennsluefni í Innu, skrá kennsluefni í Innu og tengja við áfanga á sínu sviði
- Fagstjóri sér um að koma upplýsingum um kennsluefni til bókasala og bókasafns
- Bókalisti er aðgengilegur í Innu í upphafi annar
- Bókasafn nýtir sér bókalista í Innu og sér til þess að nýtt kennsluefni sé til á safni skólans og skráð í Gegni

6. Tilvísanir í skjöl

[VKL-210 Innkaup og endurnýjun á bókasafni](#)

[GÁT-040 Fundargerð](#)

7. Viðeigandi skrár

Gagnargrunnur skólans <http://www.inna.is>

Nr.: VKL-305
Útgáfa: 12
Dags.: 17.10.2018
Höfundur: AMJ/SHS
Samþykkt: SHJ
Síða 2 af 2

Endurnýjun kennsluefnis



Verkefnaskólinn á Akureyri

Samskrá íslenskra bókasafna <http://www.leitir.is>